



Alþingi
b.t. Velferðarnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 17. október 2018
Tilv.: DMR18090157/0.13.2

Efni: Umsögn dómsmálaráðuneytisins vegna þingsályktunartillögu um stofnun ráðgjafastofu innflytjenda

Hinn 26. september 2018 sendi velferðarnefnd dómsmálaráðuneytinu beiðni um umsögn vegna þingsályktunartillögu um stofnun ráðgjafastofu innflytjenda. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela félags- og jafnréttismálaráðherra að koma á fót ráðgjafarstofu innflytjenda og að hlutverk stofunnar verði að bjóða upp á aðgengilega ráðgjöf og upplýsingar til innflytjenda um þjónustu, réttindi og skyldur og verði jafnframt vettvangur fyrir félagslegan og sálfélagslegan stuðning til að renna styrkari stoðum undir árangursríka samfélagsþáttöku á Íslandi. Í athugasemdum með tillögunni segir að markmið tillögunnar sé að koma á fót miðlægrri upplýsingastofu þar sem innflytjendur geti sótt allar þær upplýsingar um þjónustu, réttindi og skyldur sem auðveldi þeim að koma sér fyrir í nýju samfélagi. Þá segir að með innflytjendum sé átt við íbúa á Íslandi sem fæddir séu erlendis, óháð ríkisborgararétti, og nái hugtakið einnig yfir flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Hlutverk ráðgjafastofu innflytjenda virðist því mega skipta niður í eftirtalinn atriði:

- Upplýsingar til handa umsækjendum um alþjóðlega vernd um réttindi þeirra og skyldur.
- Leiðbeiningar til innflytjenda um réttindi þeirra og skyldur.
- Stuðningur við árangursríka aðlögun innflytjenda í formi félagslegs- og sálfélagslegs stuðnings.

Eins og fram kemur í greinargerð er fylgir tillögunni er nú þegar til staðar opinber stofnun, Fjölmenningarsetur, sem ber að veita upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda, miðla upplýsingum til innflytjenda um réttindi þeirra og skyldur, fylgjast með þróun innflytjendamála í þjóðfélagsinu og koma á framfæri við ráðherra, innflytjendaráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir sem hafa það að markmiði að allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna. Þá stendur Fjölmenningarsetur einnig fyrir samfélagsfræðslu til handa innflytjendum. Almennu hefur verið litið svo á að til innflytjenda heyri sá hópur fólks sem dveljist hér á landi á grundvelli dvalarleyfis eða hafi heimild til að dveljast hér á landi án dvalarleyfis og því falli utan skilgreiningarinnar umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Þegar kemur að umsækjendum um alþjóðlega vernd ber Útlendingastofnun að leiðbeina þeim um réttindi umsækjenda og skyldur, sjá t.d. 11. og 3. mgr. 28. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Jafnframt þykir ástæða til að benda á að samkvæmt lögum um útlendinga eiga umsækjendur um alþjóðlega vernd rétt á að þeim sé skipaður löglærður talsmaður vegna málsmeðferðarinnar hér á landi. Hlutverk talsmanns er að veita hlutlausar og óhlutrægar upplýsingar og leiðbeiningar til umsækjanda, vera viðstaddur viðtöl við umsækjanda vegna málsmeðferðar, ritun greinargerða auk þess sem talsmaður veitir umsækjanda leiðbeiningar, ráðgjöf og aðstoð vegna mögulegs framhalds máls, aðstoðar við að koma gögnum og/eða upplýsingum á framfæri við stjórnvöld og taka við ákvörðunum og úrskurðum í tilteknum tilvikum. Dómsmálaráðuneytið, Rauði krossinn á Íslandi og Útlendingastofnun hafa gert með sér samning þess efnis að Rauði krossi annist talsmannþjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd auk ákveðinnar félagslegrar þjónustu.

Við þetta má bæta að nefnd um samræmda móttöku flóttafólks hefur unnið að kortlagningu á þeirri þjónustu sem flóttafólk hefur fengið í kjölfar þess að hafa sótt um alþjóðlega vernd og gerð tillagna að samræmdu móttökukerfi fyrir flóttafólk.

Eins og fram kemur í tillögunni er um að ræða afar umfangsmikinn og flókinn málaflokk og telur dómsmálaráðuneytið afar brýnt að breytingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á málaflokkinn í heild sinni verði rýndar gaumgæfilega. Eins og fram hefur komið virðist sem svo að þeim verkefnum sem ráðgjafarstofunni er ætlað að sinna sé þegar sinnt af stjórnvöldum að miklu eða öllu leyti og því megi velta því upp hvort það sé í raun til einföldunar að setja á fót nýja stofnun í þessari mynd. Því telur ráðuneytið einnig mikilvægt að fram fari ítarleg greining á fjárhagsáhrifum stofnunar sem þessarar og þeim ávinningi sem af henni á að hljóta. Í þessu sambandi telur ráðuneytið rétt að nefna að gera má ráð fyrir því að heildarkostnaður við rekstur stofnunar sem telur fimm starfsmenn sé talsvert meiri en 55 milljónir. Verði tillagan samþykkt er jafnframt mikilvægt að fjármagn fylgi vegna undirbúnings og starfsemi stofnunarinnar.

Fyrir hönd ráðherra


Berglind Bára Sigurjónsdóttir


Hanna Rún Sverrisdóttir